

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. maí 2024 í máli nr. 99/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. september 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að kveikjari sem keyptur var af varnaraðila hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst endurgreiðslu að fjárhæð 50.000 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 20. september 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 21. september 2023. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum og síðari athugasemdir varnaraðila bárust 22. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, myndir af tveimur gerðum af kveikjurum, afrit af bréfi Neytendasamtakanna, dags. 30. maí 2023 og afrit af svari varnaraðila til Neytendasamtakanna, dags. 5. júní 2023.

Með bréfi, dags. 24. apríl 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á notuðum [...] kveikjara í verslun varnaraðila og greiddi fyrir hann 50.000 krónur. Að sögn sóknaraðila kom í ljós skömmu eftir kaupin að kveikjarinn virkaði ekki sem skyldi þar sem hjólið á kveikjaranum var mjög stíft. Sóknaraðili kveðst hafa fengið ráðleggingar frá varnaraðila um að láta smyrja kveikjarann sem hún hafi látið gera í skartgripaverslun. Að því loknu hafi kveikjarinn enn verið stífur og sóknaraðili því farið í verslun varnaraðila og óskað eftir endurgreiðslu á andvirði kveikjarans eða afhendingu nýs kveikjara.

Varnaraðili rekur umboðssölu sem selur notaðar merkjavörur. Varnaraðili hefur vísað til þess að kveikjarinn hafi verið í góðu ástandi við kaupin samkvæmt skoðun verslunarinnar skömmu fyrir sölu. Hins vegar hafi sóknaraðili skilað kveikjaranum í ólagi eftir að hafa sjálf tekið ákvörðun um að láta framkvæma viðgerð á honum. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við ástand vörunnar fyrr en eftir að henni hafi verið neitað um að skila kveikjaranum til að fá sambærilegan kveikjara sem hafði komið í sölu eftir að kaupin höfðu átt sér stað. Þá vísar varnaraðili til þess að verslunin selji notaðar merkjavörur og að varnaraðili geti ekki ábyrgst að seldar vörur séu eins og nýjar. Loks vísar varnaraðili til þess að í skilmálum varnaraðila komi skýrt fram að vörum í umboðssölu verði hvorki skilað né skipt. Þetta komi einnig fram á skilti í versluninni.

IV

Lagaumhverfi

Um viðskipti aðila gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Lögin eru ófrávíkjanleg, sbr. 3. gr. laganna og ekki heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða af lögnum.

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Í b. lið ákvæðisins kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin. Í c. lið 1. mgr. 16. segir jafnframt að söluhlutur teljist gallaður ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „*henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til*“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „*hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað*“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „*henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]*“.

Í 1. mgr. 17. gr. nkpl. segir að þótt að söluhlutur sé seldur „*í því ástandi sem hann er*“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndarræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. gr. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti [...] kveikjara úr gulli í verslun varnaraðila og greiddi 50.000 krónur fyrir. Að sögn sóknaraðila kom í ljós skömmu eftir kaupin að kveikjarinn virkaði ekki sem skyldi. Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila 50.000 krónur.

Óumdeilt er að kveikjarinn var stífur og ónothæfur þegar sóknaraðili skilaði honum í verslun varnaraðila og telur kærunefndin sýnt fram á að kveikjarinn sé

haldinn galla í skilningi a. liðar 1. mgr. 17. gr. nkpl. Ágreiningur aðila snýr að ástandi kveikjarans þegar kaup á honum fóru fram. Varnaraðili telur galla hafa komið upp eftir afhendingu kveikjarans og hefur vísað til þess að hann hafi verið prófaður skömmu fyrir kaup og þá virkað sem skyldi. Sóknaraðili hefur vísað til þess að ekki hafi verið hægt að prófa kveikjarann fyrir kaupin þar sem vantað hafi gas á hann. Af fyrirbyggjandi gögnum má ráða að sóknaraðili hafi látið fylla á gasið í kveikjaranum, smyrja hann og setja í hann nýjan stein (e. flint) eftir kaupin. Aðila greinir á um hvort sóknaraðili hafi látið framkvæma viðgerð á kveikjaranum að eigin frumkvæði eða samkvæmt ráðleggingum varnaraðila. Varnaraðili hefur bent á að aukahlutir í kveikjara af þeirri gerð sem um ræðir séu frábrugðnir því sem finna megi í hefðbundnum kveikjurum og að sóknaraðili hafi ekki orðið við ítrekuðum beiðnum varnaraðila um upplýsingar um viðgerðaraðila.

Fyrir liggur að galli á kveikjaranum kom upp innan tímamarka samkvæmt 18. gr. nkpl. og hvílir því á varnaraðila að sýna fram á að kveikjarinn hafi ekki verið haldinn galla við afhendingu hans. Sóknaraðili skilaði kveikjaranum í verslun varnaraðila eftir að kaup á honum fóru fram og er kveikjarinn enn í fótum varnaraðila. Kærunefndin bendir á að varnaraðila hafi verið í lófa lagið að sýna fram á að rangur steinn (e. flint) hafi verið settur í kveikjarann sem geti orsakað galla í honum. Varnaraðili hefur að mati kærunefndarinnar ekki sýnt fram á að galli á kveikjaranum hafi komið upp eftir afhendingu hans. Verður því að líta svo á að galli hafi verið til staðar við afhendingu kveikjarans þegar kaupin fóru fram. Eins og mál þetta er vaxið telur kærunefndin að galli kveikjarans sé ekki óverulegur í skilningi 32. gr. nkpl., enda nýtist hann sóknaraðila ekki og er því fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna. Varnaraðila ber samkvæmt framangreindu að endurgreiða sóknaraðila kaupverð kveikjarans samkvæmt 2. mgr. 49. gr. nkpl. en sóknaraðili hefur þegar skilað kveikjaranum til varnaraðila.

VI Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 50.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson